

## **Auglýsing um skipulagsmál – Sveitarfélagið Skagafjörður.**

### **Íbúðarbyggð við Víðigrund á Sauðárkróki - Skipulagslýsing**

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar samþykkti á 425. fundi sínum þann 25. maí 2022 að auglýsa skipulagslýsingu fyrir gerð deiliskipulags íbúðarbyggðar við Víðigrund á Sauðárkróki skv. 3. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Framlögð skipulagslýsing fyrir deiliskipulag íbúðarbyggðar við Víðigrund, hluta Smáragrundar og hluta Grundarstígs á Sauðárkróki unnin af Stoð ehf. verkfræðistofu. Skipulagssvæðið nær yfir 5,4 ha svæði sem afmarkast af Skagfirðingabraut að vestan, að Öldustíg að norðan, Smáragrund að austan og Hegrabraut að sunnan. Á skipulagssvæðinu er íbúðarbyggð sem samanstendur af íbúðarblokkum og einbýlishúsum auk leikskóla og félagsheimilis við Víðigrund, auk verslunar við Smáragrund. Svæðið byggðist upp á 7. og 8. áratug síðustu aldar, elstu húsin reist undir lok 6. áratugar en það yngsta leikskólinn, var byggt árið 1995. Helstu framkvæmdir síðustu ára hafa verið viðbyggingar og viðhaldsframkvæmdir á stöku húsum.

Skipulagslýsingin er auglýst frá 1. júní til og með 23. júní 2022. Skipulagslýsingin mun liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Skagfirðingabraut 17-21, Sauðárkróki á skrifstofutíma frá 10-12 og 12:30-15 og á heimasíðu Skagafjarðar [www.skagafjordur.is](http://www.skagafjordur.is). Ábendingar varðandi tillögugerðina skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa eða afgreiðslu ráðhússins, Skagfirðingabraut 17-21, 550 Sauðárkróki eða á netfangið [skipulagsfulltrui@skagafjordur.is](mailto:skipulagsfulltrui@skagafjordur.is) í síðasta lagi 23. júní 2022.

### **Sauðárkrókskirkjugarður – Skipulagslýsing**

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar samþykkti á 425. fundi sínum þann 25. maí 2022 að auglýsa skipulagslýsingu fyrir gerð deiliskipulags Sauðárkrókskirkjugarðs skv. 3. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Framlögð skipulagslýsing fyrir deiliskipulag við Sauðárkrókskirkjugarð unnin af Teiknistofu Norðurlands. Skipulagssvæðið er á Nöfum á lóð Sauðárkirkjugarðs og er 4,7 hektarar að stærð. Markmið deiliskipulagsins er að setja fram stefnu um umgjörð og skipulag kirkjugarðsins fyrir framtíðaruppbyggingu. Fyrirséð er að núverandi grafarsvæði verði uppurin á næstu árum og því er mikilvægt að setja fram framtíðarfyrirkomulag fyrir kirkjugarðinn. Gert er ráð fyrir nýju aðstöðuhúsi ásamt tilheyrandi aðkomu og bílastæðum.

Skipulagslýsingin er auglýst frá 1. júní til og með 23. júní 2022. Skipulagslýsingin mun liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Skagfirðingabraut 17-21, Sauðárkróki á skrifstofutíma frá 10-12 og 12:30-15 og á heimasíðu Skagafjarðar [www.skagafjordur.is](http://www.skagafjordur.is). Ábendingar varðandi tillögugerðina skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa eða afgreiðslu ráðhússins, Skagfirðingabraut 17-21, 550 Sauðárkróki eða á netfangið [skipulagsfulltrui@skagafjordur.is](mailto:skipulagsfulltrui@skagafjordur.is) í síðasta lagi 23. júní 2022.

### **Tjaldsvæði við Sauðárgil, Sauðárkróki - Skipulagslýsing**

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar samþykkti á 425. fundi sínum þann 25. maí 2022 að auglýsa skipulagslýsingu fyrir gerð deiliskipulags fyrir tjaldsvæði við Sauðárgil, Sauðárkróki skv. 3. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Framlögð skipulagslýsing fyrir deiliskipulag tjaldsvæðis við Sauðárgil á Sauðárkróki unnin af Teiknistofu Norðurlands. Skipulagssvæðið er milli Sæmundarhlíðar og Sauðár og er 5,7 hektarar að stærð. Stutt er frá skipulagssvæðinu að sundlaug, fjölbreyttum íþróttasvæðum og í miðbæ Sauðárkróks eftir göngustígum. Markmið deiliskipulagsins er að setja fram stefnu um umgjörð og skipulag fyrir nýtt tjaldsvæði en fyrirhugað er að tjaldsvæði á Flæðum víki vegna fyrirhugaðs menningarhúss.

Skipulagslýsingin er auglýst frá 1. júní til og með 23. júní 2022. Skipulagslýsingin mun liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Skagfirðingabraut 17-21, Sauðárkróki á skrifstofutíma frá 10-12 og 12:30-15 og á heimasíðu Skagafjarðar [www.skagafjordur.is](http://www.skagafjordur.is). Ábendingar varðandi tillögugerðina skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa eða afgreiðslu ráðhússins, Skagfirðingabraut 17-21, 550 Sauðárkróki eða á netfangið [skipulagsfulltrui@skagafjordur.is](mailto:skipulagsfulltrui@skagafjordur.is) í síðasta lagi 23. júní 2022.

### **Frístundabyggð við Reykjarhól í Varmahlíð – Skipulagslýsing**

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar samþykkti á 425. fundi sínum þann 25. maí 2022 að auglýsa skipulagslýsingu fyrir gerð deiliskipulags fyrir frístundabyggð við Reykjarhól í Varmahlíð skv. 3. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Framlögð skipulagslýsing fyrir deiliskipulag fyrir frístundabyggð vestan Varmahlíðar unnin af Eflu verkfræðistofu. Um er að ræða svæði í landi Reykjarhóls, sem skráð er sem Reykjarhóll land L193616 í Landsskrá Þjóðskrár. Gert er ráð fyrir að skipulagssvæðið verði um 20 ha og liggur milli Víðimýrarár og Reykjarhólsvegar með aðkomu frá Þjóðvegi nr. 1 um Birkimel en áætlað er að nýr vegur tengist Þjóðvegi ofan byggðar sem verður þá helsta aðkomuleið að svæðinu. Nú þegar eru frístundalóðir austan Reykjarhólsvegar. Skipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Skagafjarðar 2020-2035.

Skipulagslýsingin er auglýst frá 1. júní til og með 23. júní 2022. Skipulagslýsingin mun liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Skagfirðingabraut 17-21, Sauðárkróki á skrifstofutíma frá 10-12 og 12:30-15 og á heimasíðu Skagafjarðar [www.skagafjordur.is](http://www.skagafjordur.is). Ábendingar varðandi tillögugerðina skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa eða afgreiðslu ráðhússins, Skagfirðingabraut 17-21, 550 Sauðárkróki eða á netfangið [skipulagsfulltrui@skagafjordur.is](mailto:skipulagsfulltrui@skagafjordur.is) í síðasta lagi 23. júní 2022.

Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir

Skipulagsfulltrúi